

Ed. 391. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt efni þess á fundi sínum, — þá hefur nefndin kynnt sér umsagnir stjórnna Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Fiskveiðasjóðs Íslands um málið.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Nefndarmennirnir Eggþ, JÁ og KJJ mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. SE vill ekki samþykkja frumvarpið óbreytt, og mun hann skila séráliti. BjörnJ var ekki á fundi nefndarinnar og tók því ekki afstöðu til málsins.

Með því að upplýst er af stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands, að gengisáhættuákvæðið verði ekki sett í skuldabréf sjóðsins umfram það, sem svarar til þess erlenda lánsfjár, er sjóðurinn starfar með á hverjum tíma, og með þeirri takmörkun að því er þetta varðar mæla undirritaðir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. febr. 1961.

Jón Arnason,
form., frsm.

Eggert G. Þorsteinsson,
fundaskr.

Kjartan J. Jóhannsson.